

Sp.

607. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka ábyrgð á láni fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Flm.: Jóhann P. Jósefsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni vegna ríkissjóðs að ábyrgjast £ 5000 — fimm þúsund sterlingspunda — lán, sem bæjarsjóður Vestmannaeyja hefir fengið loforð fyrir hjá The Pearl Assurance Company Ltd., London, enda sé þá heimild fjárlaga fyrir 1934, 22. gr. XXIV., ekki notuð.

Á s t æ ð u r.

Í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast 100 þús. kr. lán fyrir kaupstað þann, er hér um ræðir, í þeim tilgangi að fá breytt dýrum lánum kaupstaðarins í ódýrara og hagkvæmara lán.

Loforð hefir nú fengizt fyrir £ 5000 láni hjá ensku váttryggingarfélagi, atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt lántökuna og fjármálaráðherra lofað ábyrgðinni. Lánveitandi krefst hinsvegar þess, að ábyrgðarheimildin sé tiltekin í sterlingspundum, og er tillaga þessi borin fram þess vegna og í samráði við fjármálaráðherra.

Það leiðir af sjálfu sér, að verði tillaga þessi samþykkt, þá kemur hún í stað þeirrar heimildar, sem nú er í fjárlögum.